



ENDUROREGLUR

1. ALMENN ATRIDÐI

1.1. Keppnisform: Keppt verður í Meistaradeild, Tvímenningsdeild og Baldursdeild. Öllum er frjálst að skrá sig í Meistaradeild, en ekki mega keppendur sem lokið hafa í 1. - 15. sæti í Íslandsmótinu árinu á undan í Meistaradeild keppa í Baldursdeild. Íslandsmeistara í Baldursdeild er óheimilt að keppa í sömu deild aftur að ári.

1.1.1. Keppnisform skal ákveðið af keppnisstjóra og auglýst í dagskrá keppinnar sem gefin er út við skráningu. Meistaradeild er ræst á undan þegar um er að ræða sérleiðakeppnir.

1.2. Flokkaskipan keppnishjóla í Meistaradeild: Lágmarkskeppendafjöldi í hverjum flokki eru 5.

1.2.1. Meistaradeild:

Enduro 1	100cc til 150cc 2-Stroke	175cc til 250cc 4-Stroke
Enduro 2	155cc til 250cc 2-Stroke	255cc til 450cc 4-Stroke
Enduro 3	255cc til 500cc 2-Stroke	455cc til 650cc 4-Stroke

1.2.2. Dekkjastærð í Meistaraflokki skal vera 17" 18" eða 19" að aftan og 20" eða 21" að framan.

1.2.3. Baldursdeild: Baldursdeild er opinn flokkur / 80cc – 650cc, aðeins efstu 3 fá verðlaun og er að öðru leiti sama fyrirkomulag og í Meistaradeild.

1.2.4. Tvímenningsdeild: Tvímenningsdeild er opinn flokkur, aðeins 3 efstu lið fá verðlaun. Tvímenningsdeild er ekin samhlið Meistaradeild en er ræst af stað 1 mínútu eftir að Meistaradeild hefur verið ræst af stað. 2 keppendur keppa saman á einu eða tveimur keppnishjólum. Aðeins einn liðsmaður má vera í brautinni á sama tíma. Báðir keppendur og keppnishjól þeirra skulu bera sama keppnisnúmer sem er sérstaklega úthlutað fyrir þessa deild. Liðið ber aðeins einn tímatökusendir, ekki má sækja tímatökusendir út í braut. Skipting ökumanna skal fara fram í Pittsvæði og einnig færsla á tímatökusendi ef nota á tvö keppnishjól. Keppendur í Tvímenningsdeild skulu leitast við að trufla sem minnst keppendur í Meistaradeild og ber þeim að víkja ef hraðari ökumenn eru að hringa þá. Að öðru leiti gilda allar aðrar reglur um þennan flokk

1.2.5. Liðakeppnir: 4 ökumenn skrá sig í lið til keppni og telja efstu 3 til stiga fyrir liðið. Sjá nánar í liðareglum MSÍ.

1.3 Starfsmenn keppinnar.

1.3.1. Keppnisstjóri: Hefur alla yfirstjórn á keppnissvæðinu. Skal hann hafa til reiðu á keppnisstað, keppnisleyfi, leifi landeiganda og sýslumanns ásamt staðfestingu á tryggingu keppinnar.

1.3.2. Brautarstjóri: Hefur umsjón með keppnisbraut og öllu sem viðkemur henni, t.d. merkingu brautar, merkingu áhorfendasvæðis o.s.frv. Hann gefur einnig endanlegt rásleyfi og skal sjá um start.

1.3.3. Flaggari: Er starfsmaður sem er staðsettur er við stökkpalla og aðra varasama staði t.d. blindhæðir. Hann skal flagga gulu eða bláu flaggi til upplýsinga fyrir keppendur, sjá gr. 7. Hann skal einnig dæma um vafaatriði, t.d. ef framúrakstur á sér stað þegar gulu flaggi er veifað.

1.3.4. Rás og endamarksdómari (stopp flaggari): Hann skal úrskurða hvort ræst hafi verið löglega og gefa öðrum starfsmönnum merki eftir því sem viðá. Úrskurði hans verður ekki breytt.

1.4.5. Tímavörður: Skal sjá um að koma upplýsingum til keppanda ef við á, um fjölda ekinna hringja eða tímaupplýsingar og sýna keppendum spjald með tölustafnum 1, sem þýðir einn hringur eftir. Hann skal einnig sjá um tímatöku og flagga keppendur út í lok keppni.

1.3.6. Ritarar: Þeir skulu vera minnst tveir og skrá niður fjölda ekinna hringja hjá hverjum keppanda og skrá niður röð keppenda yfir endalínu og/eða tíma keppanda yfir endalínu. Ritarar skulu líka sjá um samvinnu sín á milli ef keppendur eru ræstir út með vissu millibili. Skulu þeir sjá um að samstillta klukkur sínar.

1.3.7. Hliðvörður, eða dómari (oftast brautarstjóri): er sá starfsmaður keppinnar sem vísar keppendum rétta leið ef um vandfarna leið er um að ræða. Hliðverðir, flaggarar og áhorfendur mega hjálpa keppendum að reisa við hjól, ýta og gangsetja en ekki keyra hjól þeirra. Hliðverðir mega einnig vera á hjóli í brautinni og verða þeir að aka sömu braut og keppendur, starf þeirra er að sjá um að brautin sé í lagi (a.t.h. með stikur, borða og fl.) einnig skrá þeir niður refsingar ef þeir verða varir við slíkt og samkvæmt bendingum frá þeim er hægt að dæma víti á keppendur á meðan á keppni stendur.

2. ÖKUMENN OG ÚTBÚNAÐUR:

2.1. Keppnisskírteini.

2.1.1. sjá reglur MSÍ um pappíra og skilríki.

2.2. Ökumenn.

2.2.1. Ökumenn skulu nota eftirfarandi útbúnað við keppni og æfingar.

2.2.2. Hlífðarhjálmar af viðurkenndri gerð. Skal höfuð keppanda mælt fyrir keppni með málbandi og má hjálmur ekki vera stærri en einu númeri en höfuðmæling gefur til kynna. Sjá nánar reglur MSÍ fyrir hjálma.

2.2.3. Brjóstvörn með axlarhlífum og helst bakhlíf.

2.2.4. Nýrnabelti.

2.2.5. Peysu eða jakka sem nær alveg að verja handleggji í akstri. **Æskilegt er að keppendur noti olnbogahlífur.**

2.2.6. Buxur úr leðri eða öðru sterku efni t.d. motocrossbuxur

2.2.7. Hnéhlífur úr harðplasti er verja sköflung og hné. **Æskilegt er að keppendur noti hnéspelkur af viðurkenndri gerð.**

2.2.8. Hlífðarstígvél úr leðri eða öðru sambærilegu efni sem veita vörn um ökkllalið og sköflung.

2.2.9. Hlífðarhanska

2.2.10. Hlífðargleraugu

2.2.11. Æskilegt að keppendur noti hálskraga af viðurkenndri gerð.

3. KEPPNISHJÓL OG ÚTBÚNAÐUR

3.1. Almenn ákvæði um útbúnað keppnishjóla.

3.1.1. Hljóðdempun: Hámarkshávaði frá útblástursröri skal vera undir **98db**, mælt einn metra fyrir aftan hjól.

3.1.2. Hemlar: Hjólið skal útbúið hemlum er gefa fulla hemlun á bæði hjól. Fótstig fyrir hemla að aftan og handfang á stýri fyrir hemla að framan.

3.1.3. Ádrepari: Hjólið skal búið virkum ádrepara. Ef um ísakstur er að ræða skal ádrepari tengdur við líkama eða klæðnað keppandans þannig að mótör hjólsins stöðvast ef hann dettur af hjólinu.

3.1.4. Aurbretti: Hjólið skal útbúið aurbrettum yfir bæði fram og afturhjól. Brettið skal þekja minnst 100% af breidd dekkisins. Brettin skulu vera úr sveigjanlegu efni t.d. plasti. Brotin eða á einhvern hátt gölluð bretti má ekki nota, nema allir keppendur og keppnisstjórn samþykki.

3.1.5. Fótstig: Fótstig skulu vera minnst 16mm breið og skulu endarnir er út snúa bogadregnir og mynda minnst 8mm radius. Fótstigin mega ekki vera staðsett hærra en 100mm fyrir ofan línu sem hugsast dregin í gegnum miðju fram og aftur hjóls við eðlilega hleðslu hjólsins. Fótstigin skal vera hægt að fella í 45 gráðu horn, hallandi upp og aftur miðað við akstursstefnu.

3.1.6. Hjólbarðar: Hjólbarðar skulu vera að viðurkenndri fjöldaframleiddri gerð. Dekkjakubbar mega ekki vera lengri en 30mm með eða án nagla. Þar af mega naglar ekki vera lengri en 12mm.

3.1.7. Nagladekk: nagladekk má nota á tímabilinu 1. nóvember - 31. mars ár hvert. Leyfilegur fjöldi nagla í dekki er hámark 600 naglar.

3.1.8. Stýri: Stýrisbreidd skal vera minnst 500mm og mest 950mm.

3.1.9. Handföng: Kúplings og bremsuhandföng skulu vera með kúlu á endanum þannig að sem minnst hætta stafi af þeim.

3.1.10. Púströr: Púströr má ekki ná lengra aftur en að línu sem dregin er lóðrétt í gegnum aftasta punkt afturdekkis.

3.1.11. Gjarðir: Skakkar gjarðir verður að fjarlægja ef þær fylla bilið milli gafflana. Brotnar eða sprungnar gjarðir má ekki nota.

3.1.12. Bensíngjöf: Bensíngjöf skal slá sjálfkrafa af ef henni er sleppt.

3.1.13. Aukahlutir: engir oddhvassir hlutir mega skaga út frá hjólinu.

3.1.13.1. Heimilt er að nota stærri bensíntanka og eða aukatanka allt að 5L að stærð, aukatankar og festingar skulu framleiddir af viðurkenndum aðilum og vera ætlaðir undir bensín. Stærri bensíntankar og aukatankar þurfa að passa vel á keppnishjól, vera tryggilega festir og frágangur á bensínlögnum að vera vandaður og ekki liggja utan í pústkerfi. Lausir aukatankar sem ekki eru fasttengdir inná eldsneytiskerfið eru bannaðir.

3.2. Keppnisnúmer.

3.2.1. Keppandi fær úthlutað númeri af MSÍ fyrir keppnisárið. Keppanda er heimilt að sækja um annað númer eða breyta keppnisnúmeri á vissum tímum árs. Breytingar á keppnisnúmerum er auglýst á www.msisport.is. Keppandi ber sjálfur ábyrgð á að setja númer á keppnishjól. Keppandi sem hefur keppni án númers eða með vitlaust númer fær refsingu í formi vítis 1 mínúta.

3.2.2. Fjöldi og staðsetning: Hjól skal hafa númeraspjöld á a.m.k. þremur stöðum. 2 sem liggja langs með hjólinu á sitt hvorri hliðinni fyrir aftan fótstigin. Einnig að númer sé sett á plötu sem snýr fram á hjólinu. Keppandi sem ber keppnisnúmer a.m.k. 15cm stafi á baki er undanþeginn númerum á hlið hjóls.

3.2.3. Keppandi sem ekki gætir þess að númer sjáist greinilega getur átt á hættu að falla úr keppni eða verða ekki talinn með.

3.3. Tímatökusendar

3.3.1. Tímatökusendir skal vera af gerðinni TranX260.

3.3.2. Keppandi eru ábyrgur fyrir því að sendir séu full hlaðinn á keppnisdag og tryggilega festur á hægri eða vinstri framdempara eigi ofar en 120cm frá jörð.

3.3.3. Sendar eru prófaðir með þar til gerðu tæki frá framleiðanda. Ef sendir stenst ekki prófun hefur keppandi tækifæri á að útvega sér annan tímatökusendi en tilkynna verður tímaverði um breytinguna

3.4. Auglýsingar.

3.4.1. Keppnishaldari getur áskilið sér rétt til að setja merkingu á keppnistæki að hámarksstærð 2 st. x 10cm². Keppandi getur keypt sig undan auglýsingu á 1.000,- stk.

4. KEPPNISSVÆÐI.

4.1. Keppnisbraut almenn ákvæði.

4.1.1. Brautin: Í upphafi keppni skal keppnisbrautin vera fær Endurohjólum í öllum veðrum. Brautin skal liggja í hring. Einnig getur brautin samanstaðið af sérleiðum og ferjuleiðum. Skal það fyrirkomulag kynnt keppendum sérstaklega fyrir keppni.

4.1.2. Aksturstími:

4.1.2.1. Meistaradeild: Miða skal við að aksturstími sé 90 mínútur en aldrei styttri en 87 mínútur.

4.1.2.2. Tvímenningsdeild: Miða skal við að aksturstími sé 89 mínútur en alderi styttri en 86 mínútur.

4.1.2.3. Baldursdeild: Miða skal við að aksturstími sé 45 mínútur en aldrei styttri en 43 mínútur.

4.1.2.4. Vegalengd ekki styttri en 7-10 km í hringaksturskeppnum.

4.1.2.5. Keppnisstjórn skal leitast við að halda lágmarkstíma og skal ekin aukahringur ef honum hefur ekki verið náð. Keppnisstjórn er ekki heimilt að lengja aksturstíma. Ef um sérleiðir er að ræða frá A-B skal keppnisfyrirkomulag kynnt sérstaklega.

4.1.3. Hraði: Reynt skal að fremsta megni við að halda meðalhraða undir 45 km/klst svo sem með hindrunum, hliðum, stoppum og /eða þrengingum ofl.

4.1.4. Hliði sleppt: Ef sleppt er úr hliði skal reikna 1 mín. Í refsingu. Einnig ef leiða á hjól yfir veg og það ekki gert, reiknast 1 mín. refsing.

4.1.5. Akstur utan brautar: Sé ekið utan augljóstrar brautar án þess að um sé að ræða hlið er það í höndum dómara og keppnisstjórnar að ákveða refsingu. Lágmarksrefsing er 1 mín og hámark brottvísun úr keppni.

4.1.6. Merkingar: Áberandi merkingar skulu vera við ófyrirsjáanlegar hættur í braut, svo sem blindhæðir, skurði, grjót og fleira.

4.1.7. Brautarmerkingar: Nota skal prik, plastborða, áberandi örvar eða fólksbíladekk við brautarmerkingu.

4.1.8. Pittur: Pittur skal staðsettur nærri rássvæði og hafa greiðan aðgang að því. Pittur getur einnig verið á milli sérleiða.

4.1.9. Ráslína: Breidd ráslínu skal vera minnst 1,5 metrar fyrir hvert hjól.

4.1.10. Víti: Víti er dæmt á keppanda sem ekki stoppar við stopp flaggara, ekur of hratt inni í pitt, sleppir hliði, þjófstartar eða fremur annað það brot sem telst ávitunarvert og ódregilegt á meðan á keppni stendur.

4.1.10.1. Framkvæmd vítis: Keppandi er stoppaður í 1 mín og má hann ekki þiggja neina þjónustu né þjónusta sig sjálfur á meðan á refsingu stendur. (t.d. ekki athuga bensínstöðu, þiggja

vatn, gera við hjól né láta gera við hjól og ekki skipta um gleraugu) Staður sá sem víti er tekið á er sér hólf sem kallast **Skammakrókur** og ef keppandi fer ekki þangað inn strax og hann er kallaður þangað tvöfaldast tíminn í skammakróknum eftir 1 hring. “Skammakrókur” er staðsettur fyrir framan tímatökuloftnet áður en keppandi ekur yfir og fær hringinn skráðan. Ef keppandi hunsar þetta í 2 hringi er honum vísað úr keppni. Þetta er ókæranlegt og eingöngu keppnisstjóri, brautarstjóri og hliðverðir geta beytt þessari refsingu.

4.1.11. Pittur - Viðgerðarsvæði: Pittsvæði er greinilega merkt við viðgerðasvæði. Öll aðstoð við keppendur (skipt um gleraugu, hanska, hjálm og annað) og bensínáfyllingar skulu fara fram á Pittsvæði. Akstursstefna í gegnum Pittsvæði er sú sama og í brautarhring. Aka skal rólega og sýna aðgæslu þegar ekið er í gegnum Pittsvæðið. (Hraðakstur og ógætilegur akstur á Pittsvæði getur varðað refsingu í formi vítis 1 mínúta). Aðeins má aka inn og útúr Pittsvæði til endanna. Ef ekið er yfir borða á Pittsvæði varðar það refsingu í formi Vítis 1 mín. Keppandi sem ekur fram hjá Pittsvæði skal klára hringinn til að komast á Pittsvæði.

4.1.12. Bensín áfylling: Bannað er að hella á bensíni í keppnisbraut.

5. SKIPULAG KEPPNA

5.1. Reglur fyrir Íslandsmeistarakeppni

5.1.1. Aðeins er 1 Íslandsmeistari. Aðrir titlar kallast klúbbmeistarar .

5.1.2. Halda skal lágmark 3 keppnir , náist það ekki er mótið ekki gilt. Keppnisdagur þar sem 2 umferðir eru eknar telst 2 keppnir.

5.1.3. Rásröð ökumanna ákvarðast af stöðu keppanda í Íslandsmeistaramótinu hverju sinni. Í fyrstu keppninni ráða útslit frá fyrra ári. Keppandi í 1. sæti er ræstur fyrstur, keppandi í 2. sæti annar og svo framvegis. Ef keppendur eru ræstir allir í einu, gildir sama regla það er sá sem er í fyrsta sæti er fyrstur og getur valið rástað á fyrstu línu. Keppendur skulu kallaðir á ráslínu eftir stöðu sinni í mótaráðinni og mega velja rásstað á ráslínu. Ef keppni er tvöföld hringjakeppni er það í valdi keppnisstjórnar hvernig seinna ræsing fer fram (staðan fyrir daginn eða úrslit fyrri keppni).

5.2. Dagskrá.

5.2.1. Fyrir hverja keppni skal dagskrá vera gefin út til upplýsinga fyrir keppendur og aðra. Í dagskrá skulu vera nöfn helstu forsvarsmanna keppinnar; nafn keppnisstjóra, brautarstjóra, skoðunarmanns, dómara og dómnefndar. Einnig skal keppnisstjórn lýsa leiðinni, með æfingaferð, korti, leiðabók, eða sambærilegu. Rástilhögun skal einnig koma fram svo og tímaáætlun.

5.3. Skráning.

5.3.1. Allir keppendur skulu skrá sig í keppni á auglýstum skráningartíma, ekki er skráð á keppnisdag.

5.3.2. Flokkaskipting: Hjól sem tilheyra ákveðnum flokk verða að vera skráð í þann flokk og keppa í þeim flokki.

5.3.3. Gjöld skulu greiddast við skráningu. Keppandi sem ekki hefur greitt keppnisgjöld fær ekki rásleyfi.

5.3.4. Keppnisstjórn getur leyft keppanda sem mætir of seint til keppni að hefja keppni við sérstakar aðstæður. Skal refsing vera 1mínúta í eknum tíma fyrir hverjar 1 mínútur sem mætt er of seint. Þó skal ekki heimila ræsingu ef mætt er 30 mínútum eða meira eftir auglýstan mætingartíma. Mæting keppanda er tími hans til skoðunar samkvæmt skoðunartöflu.

5.3.5. Keppandi skal hafa kynnt sér reglur þessar, sérreglur keppinnar, dagskrá og skila undirritaðri “Þátttökuyfirlýsingu” við mætingu í skoðun.

6. FRAMKVÆMD KEPPNI

6.1. Almenn atriði.

6.1.1. Án sérstaks leyfis keppnisstjóra má enginn akstur eiga sér stað í brautinni, en keppendur mega leggja keppnisbraut þó ekki á mótörhjól.

6.1.2. Óheimilt er að skipta um keppnishjól eftir að keppni er hafin nema þegar keppni er tvöföld, þá mega keppendur mæta á öðru hjóli í seinni keppnina ef hjólið hefur fengið skoðun. Keppandi skal þó leita leyfis keppnisstjóra og tilkynna honum um ef skipta á um hjól áður en umferð hefst og er það á ábyrgð keppanda að rétt rásnúmer sé á hjólinu sem nota skal.

6.2. Start

6.2.1. Hópstart skal skipulagt.

6.2.2. Staðsetning á ráslínu/rásröð ákvarðast af stöðu í Íslandsmóti hverju sinni (t.d. sjá reglur fyrir Íslandsmeistarakeppni gr. 5.1.).

6.2.3. Minnst einni mín. fyrir start skulu allir keppendur og aðeins nauðsynlegir aðstoðarmenn og starfsmenn vera á rássvæði.

6.2.4. Auglýstan rástíma skal halda. Ökumaður sem er ekki á ráslínu ásamt hjóli sínu á réttum tíma, skal hljóta 10 mínútna refsitíma.

6.2.5. Þjófstart: Í hentugri afstöðu við ráslínu skal vera staðsettur dómari er sker úr um hvort um þjófstart á sér stað eða ekki. Sá sem þjófstartar hlýtur víti 1. mín. í refsingu.

6.3. Keppnisakstur.

6.3.1. Keppandi sem fer út úr braut skal tafarlaust snúa til baka til þess staðar er hann fór út úr brautinni og fara inn á hana aftur, svo framarlega sem hann styttri sér ekki leið.

6.3.2. Bannað er að aka á móti akstursstefnu í braut. Ef keppandi sleppir hliði er honum heimilt að aka í lítinn hring út úr brautinni til baka og í gegnum hliðið, skal þetta framkvæmt án þess að aka á móti akstursstefnu í brautinni sjálfri.

6.3.3. Ef keppandi verður stopp í brautinni af einhverjum ástæðum skal hann forða sér og hjóli sínu út úr brautinni eins fljótt og auðið er.

6.3.4. Keppandi má ekki þiggja utanaðkomandi aðstoð í braut frá öðrum en starfsmönnum keppinnar. Keppanda er aðeins heimilt að nota þann búnað sem hann hefur með sér í ræsing. Keppanda er heimilt að bera með sér verkfæri, kerti, slöngur, gleraugu, drykkjarpoka, ofl. Keppanda er ekki heimilt að bera með sér aukabensínbrúsa (nema sjá 3.1.14.) Brautarstarfsmenn, áhorfendur og eða aðrir keppendur mega ýta eða draga hjól við aðstæður þar sem brautin er orðin illfær og hjálpa keppanda við að losa keppnishjólið sé það til hindrunar fyrir aðra keppendur eða stafi af því hættu. Utanaðkomandi aðili má hinsvegar aldrei aka keppnishjóli.

6.3.5. Keppanda er heimilt að ýta keppnishjóli í mark en þarf að fara eftir keppnisbraut, (ýti keppandi hjólinu styttri leið er síðasti hringur keppandi talinn hans loka hringur) keppanda er heimilt að þiggja aðstoð við að ýta hjólinu en verður alltaf að ýta með sjálfur. Keppandi getur þegið aðstoð annars keppanda við að draga keppnishjól en ber þeim að fara eftir keppnisbraut og haga drættinum þannig að hann trufla ekki annan akstur í braut. Keppanda er óheimilt þiggja aðstoð brautarstarfsmanna eða annarra við að draga keppnishjól í mark meðan á keppni stendur.

6.3.6. Keppandi skal ávalt koma í tímatökuhlið á keppnishjóli sem hann hefur keppni/hring á.

6.3.7. Ef keppandi týnir tímatökusendi í keppni og getur ekki skráð sig rafrænt telst hann hafa lokið keppni við síðasta skráðan hring.

6.3.8. Aðstoðarmenn eru á ábyrð keppanda, verði þeir uppvísir að óíþróttamanslegri hegðun er keppnisstjóra heimilt að vísa keppanda úr keppni eða beyta hann refsingu.

6.4. Úrslit.

6.4.1. Sá keppandi sem ekur tiltekna vegalengd á stytum tíma telst sigurvegari. Ef keyrðar eru 2 umferðir sama daginn telst sá sigurvegari sem hlítur flest sameiginleg stig eftir daginn, ef keppendur skilja jafnir gildir betri árangur í seinni umferð til sigurs.

6.4.2. Ef ekið er í hringi telst sá keppandi sigurvegari sem ekur flesta hringi á fyrirfram ákveðnum tíma og er fyrstur yfir marklínu. Þeir sem á eftir koma yfir marklínu skulu flaggaðir út þó svo þeir hafi farið færri hringi en sigurvegarinn. **Ef keyrðar eru 2 umferðir sama daginn telst sá sigurvegari sem hlítur flest sameiginleg stig eftir daginn, ef keppendur skilja jafnir gildir betri árangur í seinni umferð til sigurs.**

6.4.3. Séu sérleiðir fleiri en ein skal reikna saman tíma þeirra til að finna sigurvegara. Ef ferjuleiðir eru einnig í keppninni skal keppnisstjórn ákveða tíma sem keppandi fær til að aka hana.

6.4.4. Ef keppandi ekur ferjuleið á skemmri tíma en keppnisstjóri ákveður skal hann hljóta refsingu uppá 1 sekúndur fyrir hverja 1 sekúndu sem hann klárar leið of snemma. Einnig skal refsing fyrir að mæta of seint í endamark ferjuleiðar vera 1 sekúnda fyrir hverja 1 sekúndu.

6.5. Stigagjöf fyrir Enduro

6.5.1. Sæti stig:

1. 100
2. 85
3. 75
4. 67
5. 60
6. 54
7. 49
8. 45
9. 42
10. 41

11. 40 og áfram niður í 50. sæti sem hlýtur 1 stig. Keppandi sem lokið hefur keppni neðar en 50. sæti hlýtur 1 stig.

6.5.2 Ökumaður sem ekki hefur lokið helming hringja í hringjakeppni eða klárar ekki keppnisleið á tilteknum hámarkstíma sem keppnisstjóri setur fram telst ekki hafa lokið keppninni.

6.6. Riðill stöðvaður.

6.6.1. Riðill þar sem leiðandi ökumaður hefur lokið fyrsta hring má ekki stöðva fyrr en keppni er lokið samkvæmt keppnisreglum nema dómara ákveði annað.

6.6.2. Riðill sem stöðvaður er eftir að ökumaður hefur lokið fyrsta hring en áður en riðillinn er hálfnaður getur ekki haldið áfram og skal hann dæmdur ógildur og keyrist aftur.

6.6.3. Riðill sem stöðvaður er eftir að leiðandi keppandi hefur lokið helming riðilsins skal dæmdur lokinn og stig reiknuð samkvæmt stöðu manna í riðlinum.

6.7. Íslandsmót, úrslit.

6.7.1. Sá keppandi sem hlítur flest stig í Meistaraflokk telst Íslandsmeistari, skilji keppendur að jöfnu gildir fjöldi 1. sæta, 2. sæta. 3 sæta o.f.v. ef keppendur skilja enn jafnir gildir betri árangur í síðustu keppni / umferð ársins.

6.7.2. Sá keppandi sem hlítur flest stig í Baldursdeild telst Íslandsmeistari í Baldursdeild, skilji keppendur að jöfnu gildir fjöldi 1. sæta, 2. sæta. 3 sæta o.f.v. ef keppendur skilja enn jafnir gildir betri árangur í síðustu keppni / umferð ársins.

7. FLÖGG

7.1. sjá reglur MSÍ

8. REFSINGAR

8.1. Sama og í motocross reglum

9. KÆRUR

9.1. Allar kærur skulu meðhöndlaðar samkvæmt reglum MSÍ.

10. REGLUR

10.1. Þar sem þessar reglur ná ekki til skal leita í alþjóðlegum reglum FIM.

Reykjavík. 01.05.2008
Enduronefnd MSÍ